

Einstaklingsfrelsi og þjóðmenning: Um mannanöfn og íslenska þjóðernishyggju

Birgir Hermannsson, stjórn málafræðingur

Útdráttur

Tilgangur þessarar greinar er í fyrsta lagi sá að gera grein fyrir þróun löggjafar um mannanöfn, í öðru lagi að greina bakgrunn þessarar löggjafar í íslenski þjóðernishyggju og í þriðja lagi að setja þessa umræðu í samhengi við ólík sjónarmið stjórn málaheimspekinga um tengsl menningar og einstaklingsfrelsis. Lög um mannanöfn voru sett árið 1913 til að tryggja festu í nafngiftum, en árið 1925 voru ný lög sett til að ná þeim markmiðum að vernda íslenska nafnahefð og tungu. Þessi sjónarmið tengdust þjóðernishyggju með áherslu á sögulegt samhengi menningarinnar og mikilvægi óspilltrar menningar og tungu fyrir sjálfstæði þjóðarinnar. Mikilvægasta gagnrýni á lögina er sú að hún skerði frelsi einstaklinga um of og síðar að verndun tungunnar og verndun íslenskra mannanafna séu tvö aðskilin fyrirbæri. Þegar mannanöfn eru aðskilin vernd tungunnar og sérstökum þjóðernishugmyndum má líta á íslenska mannanafnakerfið sem sérstakan menningararf sem þarfnast verndar. Rökin að baki lögum um mannanöfn má tengja við hugmyndastrauma sem leggja áherslu á frumlega og einstaka þjóðmenningu sem rétt sé og eðlilegt að ríkið styðji. Þessar hugmyndir má tengja við einstaklingsfrelsi með ýmsu móti, t.d. mikilvægi þess að tilheyra menningu og að fjölbreytileg menning sé forsenda frelisis og ólíkra lífshátta. Hugmyndir um sjálfræði einstaklinga setja einstaklinginn og val hans í forgrunn, menningin gegnir því hlutverki að vera farvegur fyrir mikilvæga valkosti. Ríkisvaldinu ber því að vera hlutlaust um menningu, m.a. mannanöfn. Erfitt er gera upp á milli þessara tveggja hefða, hér stangast einfaldlega á ólík gildi.

Efnisorð: Mannanöfn; þjóðernishyggja; menning; einstaklingsfrelsi; menningararfur.



Icelandic Review of Politics and Administration Vol. 17, Issue 2 (153-174)

© 2021 Contact: Birgir Hermannsson, birgirh@hi.is

Article first published online December 14th 2021 on <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Publisher: Institute of Public Administration and Politics, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík, Iceland

Stjórn mála & stjórnsýsla 2. tbl. 17. árg. 2021 (153-174) Fræðigreinar

© 2021 Tengiliður: Birgir Hermannsson, birgirh@hi.is

Vefbirting 14. desember 2021 - Birtist á vefnum <http://www.stjornmalogstjornsysla.is>

Útgefandi: Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála, Gimli, Sæmundargötu 10, 102 Reykjavík

DOI: <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2021.17.2.1>

This work is licensed under a Creative Commons Attribution 3.0 License.

Individual Freedom and National Culture: on Names and Icelandic Nationalism

Abstract

The aim of this article is first, to trace the development of the Icelandic legislation on names; second to analyze the nationalism behind the legislation and third to contextualize this debate in a wider discourse within political philosophy about the relationship between culture and freedom. The purpose of the first legislation on names in 1913 was to secure standardization, but in 1925 a new legislation was passed with the explicit aim to defend Icelandic names, Icelandic surnames, and the Icelandic language. The rationale behind the legislation was infused with nationalism which emphasized cultural continuity and the importance of unspoiled culture and language for national independence. The most important criticism of the law concerned its infringement on individual freedom and later that the conservation of the Icelandic language and Icelandic names generally were separate aims. When names and surnames are cut off from the preservation of the language and nationality, their conservation as separate cultural heritage becomes an option. The Icelandic discourse is related to philosophical discourses that emphasize authentic and unique national cultures, which the state can or should support. These ideas are tied to freedom in various ways, like the importance of belonging to a culture or that different cultures are prerequisites of freedom and different ways of life. Critical voices are related to ideas about individual autonomy, which emphasize individual choice and state neutrality on cultural issues. It is difficult to resolve the tension between these two traditions since the question is about opposing values.

Keywords: Names; nationalism; culture; individual freedom; cultural heritage.

Inngangur

Í þessari grein er fjallað um lög um mannanöfn og þá viðleitni íslenska ríkisins að stýra mannanöfnum í samræmi við hugmyndir um vernd íslenskrar tungu og menningar. Í hnotskurn snúast ýmis álitamál varðandi lög um mannanöfn um einstaklingsfrelsi annars vegar og vernd íslenska mannanafnakerfisins og íslenskrar tungu hins vegar. Hér stangast því á ólík og mögulega ósamrýmanleg gildi. Auk þess hafa ákvæði laganna um ættarnöfn verið gagnrýnd fyrir að standast ekki kröfur um jafnan rétt einstaklinga. Lög um mannanöfn, röksemdirnar að baki þeim og deilurnar sem þau hafa vakið, gefa mikilvæga innsýn í íslenska þjóðernishyggju og þjóðarmyndun (e. nation-building). Lögin eru einnig raunhæft dæmi um mikilvægt viðfangsefni í nútíma stjórnmálaheimspeki, þ.e. tengsl menningar – sérstaklega þjóðmenningar – og ólíkra hugmynda um frelsi einstaklingsins. Rökræður stjórnmálaheimspekingsa eiga sér oft rætur í tilteknum deilumálum, en fjalla þó fyrst og fremst um hugtök og kenningar. Með því að tengja slíkar rökræður ákveðnum dæmum á borð við lög um mannanöfn má öðlast betri innsýn í mikilvægi rökræðna af þessu tagi, en einnig má nota þær til að varpa nýju ljósi á orðræðu Íslendinga um mannanöfn.

Greinin skiptist í tvo hluta: Í fyrri hlutanum er gerð grein fyrir lögum um mannanöfn, tengslum þeirra við vaxandi ríkisvald og hlut þjóðernishyggju í því að móta inntak laganna. Einnig er tekin til umræðu sú hugmynd að íslensk mannanöfn feli í sér sérstakan menningararf sem ríkinu beri að vernda. Í síðari hlutanum eru ýmis álitamál sem tengjast lögum um mannanöfn tengd við umræðu stjórn málaheimspekinga um þjóðernishyggju og tengsl einstaklingsfrelsis og þjóðmenningar. Enginn þeirra fræðimanna sem fjallað er um ræðir mannanöfn sérstaklega, en þeir fjalla með almennum hætti um mikilvægi menningar og tengsl hennar við frelsi einstaklingsins. Hér er spurt um mikilvægi menningar fyrir einstaklingsfrelsið, hvort verndun menningar eða menningararfleifðar geti falið í sér skerðingu á einstaklingsfrelsi og hvort ríkisvaldið eigi að vera hlutlaust um þjóðmenningu, eða hvort því beri að styðja og vernda ákveðna menningu umfram aðra. Isaiah Berlin (1976, 1979, 1992, 1994, 2006) og Will Kymlicka (1991, 1995, 2002) falla skýrt innan hinnar frjálslyndu hefðar (e. liberalism). Charles Taylor (1985, 1989, 1991, 1994) er gagnrýninn á margt í skrifum frjálslyndra, en líklega er nærtækast að skilgreina hann sem brúarsmið þeirra ólíku hefða sem móta nútímann án þess þó að telja sig geta þar með leyst með afgerandi hætti úr ágreiningi þessara hefða. Avishai Margalit og Moshe Halberat (1994) verja skýrari rétt einstaklinga til menningar en almennt er viðurkennt í hinni frjálslyndu hefð og vísa þar sérstaklega til minnihlutahópa. Sameiginlega skapa þessar kenningar svið sem dregur fram mikilvæg sjónarmið og álitamál sem nota má til að túlka eða varpa nýju ljósi á deilumál á borð við lög um mannanöfn.

1. Löggjöf um mannanöfn

1.1 Löggjöfin fest í sessi: 1912–1952

Lög um mannanöfn komu fyrst til umræðu á Alþingi árið 1912, en ári síðar var samþykkt stjórnarfrumvarp (lög nr. 31/1913) um mannanöfn. Á sama tíma voru samþykkt lög um nöfn býla og hvernig ætti að fara með breytingar á þeim. Samþykkt þessara laga var um margt tímanna tákn, vaxandi ríkisvald taldi nauðsyn á aukinni festu í þessum efnum. Samkvæmt lögunum voru ættarnöfn leyfð og ríkisvaldið tryggði mönnum ákveðinn rétt á ættarnöfnum. Ættarnöfn voru þó viðkvæmt mál. Jósef Björnsson (1858–1946) alþingismaður telur þó í umræðum á þingi „að þjóðrækninni sje engin hætta búin af því, þó ættarnöfnunum fjölgi, ef settar eru fastar og fulltryggilegar skorður fyrir því, hvernig ættarnöfnin eru tekin upp, og að meðferð þeirra og nöfnin sjálf sjeu í fullu samræmi við íslenzka tungu“ (Alþingistíðindi 1913 B II, 102). Lögin voru þó fremur leiðbeinandi en fyrirskipandi hvað þetta varðar. Minnihluti þingmanna með Bjarna Jónsson frá Vogu (1863–1926) í fararbroddi vildi ganga lengra í þessu efni. „Tunga og siðir norrænu þjóðanna er okkar bezti – já, jafnvel einasti gimsteinn,“ sagði Bjarni í umræðum (Alþingistíðindi 1913 C, 1908).

Bjarni tók þráðinn upp að nýju árið 1923 og lagði fram frumvarp um mannanöfn. Megintilgangur frumvarpsins var að banna ættarnöfn og tryggja íslensk nöfn og nafnahefð (Bjarni Jónsson 1923). Málflutningur Bjarna ber einkenni þjóðernishyggju undir áhrifum frá Johannu Gottfried Herder (1744–1803) og rómantísku stefnunni. Þannig hafnar Bjarni rómverskum áhrifum, en sækir í orðræðuhefð sem upphafur miðaldir og

germönsk áhrif, m.a. á einstaklingsfrelsi (sbr. Sternhell 2010; Canovan 2005). Í fram-sögu ræðu sinni ber Bjarni saman Íslendinga til forna og Hellena, en báðar þjóðir höfðu sömu reglu um mannanöfn (fólk kennt til föður eða móður) og báðar varðveittu þær tungu sína hreina. Mannanöfn eru að mati Bjarna allra orða minnugust á beygingar og réttar orðmyndir, en ættarnöfnum fylgja orð sem beygjast ekki eftir reglum íslenskunnar. „En náí sníkjumenningin beygingum úr tungu vorri, þá er slitid sambandið á milli vor og fortíðarinnar“ (Bjarni Jónsson 1923, 100).

Lög um mannanöfn varða þó ekki aðeins tunguna heldur menningu þjóðarinnar í víðari skilningi. „Nafnasiður vor er skuggsjá hins mikla einstaklingsfrelsis og einstaklingssjálfstæðis sem einkennt hefur þjóðarbálk vorn [...]“ (sama heimild). Þetta á ekki síst við um virðingu fyrir konum að mati Bjarna. Ættarnafna hefðin er rómversk og henni fylgdi lítil virðing fyrir konum, sem voru annað hvort kenndar við föður eða eiginmann. Nafnahríngl og „útskit fornhelgra heita“ er „sjúkdómseinkenni á þjóðerniskennd vorri og sá sjúkdómur dregur þjóðina til dauða, sje eigi aðgert nú þegar“ (sama heimild, 102). Það er því nauðsynlegt að grípa til þess óyndisúrræðis að „vernda þjóðernið fyrir þjóðinni sjálfri ...“ (sama heimild). Þegar frumvarp Bjarna kom aftur til umræðu árið 1925 áréttar hann þessa skoðun sína: „Það er að vísu satt, að það er jafnan óyndisúrræði að setja lög til að vernda menn fyrir sjálfum sjer [...]“ (Alþingistíðindi 1925 B, 3292).

Þó að Bjarni frá Vogu þætti heldur fornrytur var áhersla hans á málhreinsun í samræmi við áherslur sem nutu mikils fylgis og höfðu gert um langt skeið (sbr. Kjartan G. Ottósson 1990, 121). Á fyrstu áratugum hins nýja fullvalda ríkis naut almenn þjóðernishyggja mikils fylgis og mótaði stjórn málaumræðu. Guðmundur Jónsson (2018, 118–119) minnst sérstaklega á þjóðernissinnaða efnahagsstefnu og öfluga þjóðlega menningarstefnu í þessu efni. Á meðan sambandið við Dani var helsta viðfangsefni þjóðmálanna var þjóðernisordræðan mótuð af umræðu um gamla samninga og stjórnarskrármál, en nú snerist hún um hina lífrænu þjóð þar sem megináherslan var lögð á það að halda þjóðmenningunni upprunalegri og óspilltri (Sigríður Matthíasdóttir 2004; Birgir Hermannsson 2017). Erlend áhrif – oft líkt við spillingu, óhreinindi eða sjúkdóma – væru því óæskileg og jafnvel hættuleg sjálfstæði þjóðarinnar. Í *Íslenskeri menningu* vísar Sigurður Nordal (1942, 32) til menningar sem landvörn þjóðarinnar og forsendu sjálfstæðis. Líkt og Bjarna frá Vogu var Sigurði sögulegt samhengi íslenskrar menningar og tungu hugleikið. „Aðalafrek þessarar þjóðar á síðustu öldum,“ segir hann í ritgerð sinni „Málfrelsi“ frá 1926, „er að hafa varðveitt órofið samhengið í tungu sinni og bókmenntum. Fyrir því eiga Íslendingar beinan aðgang að miklu eldri bókmenntum en nokkur önnur germönsk þjóð [...]. Á þessum grundvelli er reist menning vor heima fyrir og álit vort út á við“ (Sigurður Nordal 2006 [1926], 267). Lög um mannanöfn frá 1925 eiga sér því bakgrunn í þjóðernishyggju sem mótaði tíðarandann og almenna þjóðfélagsumræðu.

Gagnrýni á frumvarp Bjarna varðaði einkum skerðingu á einstaklingsfrelsi. Jón Þorláksson sagði í umræðum á Alþingi árið 1923 að það gengi „alt of nærri persónulegum rjettindum manna og setur ákvæði um það, sem einstaklingurinn á sjálfur að ráða yfir eða foreldrar fyrir börn sín“ (Alþingistíðindi 1923 C, 887). Í svipaðan streng tók Sigurður Eggerz á Alþingi (Alþingistíðindi 1925 B, 3314). Þingmenn minntust einnig á

almenna sögulega þróun og þjóðfélagsbreytingar sem löggjafinn gæti ekki breytt með tilskipunum; því væri til lítills að banna ættarnöfn. Eitt áhugaverðasta framlag til umræðunnar á þessum nótum kom frá Kristjáni Albertssyni (1924). Hann telur að Bjarni hafi lítinn skilning á „nútíðar og framtíðarmenningu landsins og þeirra siða og hefða sem henni munu fylgja“. Hann telur að stefna „afturhalds og þröngsýni“ muni ekki sigra í þessu fremur en öðru sem varðar „sköpun íslenskrar nýmennings“. Kristján setur því málið upp sem vörn afturhaldsmanna fyrir hefðum sem ekki sé í raun hægt að bjarga. Hann gagnrýnir íslenska nafnahefð fyrir fábreytni og telur ættarnöfn framtíðina, m.a. hafi hann sjálfur látið taka frá ættarnafnið Albertson (með einu s-i). Íslenskan mun velja ættum landsmanna heiti í samræmi við „fræga staði, fagra náttúru og tignan uppruna“ og „eiga sinn þátt í því að gera þjóðina að því sem hún á að vera“ – nútímalega. Bjarni frá Vogu svaraði og gagnrýndi Kristján fyrir að taka upp beygingarlaust ættarnafn, en slíkt sé ögrun við tunguna. Í stað þeirrar nýmenningsar sem Kristján aðhylltist sagðist Bjarni vilja vernda þúsund ára gamla þjóðarsíði og þar með íslenskt þjóðerni. Varðveisla hins dýra fjársjóðs sem tungan er hefur aflað þjóðinni virðingar, segir Bjarni og er grunnurinn að sjálfstæði hennar (Bjarni Jónsson 1924). Í þessum skoðanaskiptum má glögg sjá ólíka túlkun á nútímanum og hvað hann feli í sér fyrir íslenskt samfélag og menningu. Bjarni frá Vogu var hér fulltrúi þjóðlegrar íhaldssemi en Kristján sá aftur á móti fyrir sér samfélag sem hefði samsað sig venjum og háttum annarra nútímasamfélaga.

Samþykkt laga nr. 54/1925 um mannanöfn (Alþingistíðindi 1925 A, þingskjal 56) var mikill sigur fyrir Bjarna frá Vogu en alls ekki fullnaðarsigur. Með lögnum er kveðið á um að öll nöfn skuli vera íslensk og að allir skuli kenna sig við föður eða móður að fornum síð. Öll ný ættarnöfn eru skilyrðislaust bönnuð. Sú málamiðlun var gerð í þinginu að eldri ættarnöfn (frá því fyrir gildistöku laganna 1913) fengju að halda sér en ættarnöfn sem komu til eftir 1913 ættu smám saman að deyja út. Hér hafði því þjóðinni verið skipt í þrjú flokka: Fólki með gömul ættarnöfn sem niðjar mega taka upp; fólk með ný ættarnöfn sem niðjar mega ekki taka upp; og loks allur þorri fólks sem ekki má taka upp ættarnöfn. Réttarstaða manna var því ekki jöfn. Þessi pólitíska málamiðlun varð þó lífseig og hefur í aðalatriðum haldist allt til okkar daga. Annar augljós veikleiki í lögnum var sá að eftirlit með nafngiftum var falið prestum. Sú reglufesta sem nútíma ríkisvald byggist á þarfnast skýrara skriffræðis, enda áhersla laganna á þjóðernisleg markmið í nafngiftum greinilega mikilvægari en skýr fyrir mæli um framkvæmd.

Í umræðum um veitingu ríkisborgararéttar á Alþingi árið 1952 lagði Björn Ólafsson (1895–1974) menntamálaráðherra til að þeir einstaklingar sem væri veittur ríkisborgaréttur yrðu að taka upp íslensk nöfn. Þingmenn tóku vel í þessa uppástungu og í tillögu um veitingu ríkisborgararéttar var þetta gert að skilyrði (Alþingistíðindi 1951–52 A, þingskjal 492). Sú ákvörðun var fyrst og fremst réttlætt með vísun til verndar tungunnar, en hér má einnig sjá hugmynd um æskilega aðlögun útlendinga að íslensku samfélagi og um leið ákveðna hugmynd um það hvað fælist í því að vera Íslendingur. Ekki verður séð að þetta ákvæði hafi mætt mótsöðu í nafni einstaklingsfrelsis eða af öðrum ástæðum. Bjarni Benediktsson (1908–1970) utanríkisráðherra taldi tillöguna til bóta, enda heppilegt að fólk tæki upp íslensk nöfn. En hann sló þó einn varnagla: „En þó verður að segja,

að ef lög um mannanöfn verða þannig endurvakin af löggjafanum, verður að fylgja þeim betur en gert hefur verið, en þau hafa alla tíð verið dauður bókstafur“ (Alþingistíðindi 1951–52 B, 758).

1.2 Tilraunir til endurskoðunar laga um mannanöfn: 1955–1972

Í ljósi yfirlýsinga Bjarna Benediktssonar kemur ekki á óvart að hann, í þetta sinn sem dómsmálaráðherra, léti semja frumvarp að nýjum lögum um mannanöfn. Frumvarpið var lagt fram á Alþingi 1955 en varð ekki fullrætt (Alþingistíðindi 1955–56 A, þingskjal 94). Frumvarpið var ítarlegra en gildandi lög og sem fyrr var sleginn þjóðlegur tónn. „Eiginnaframt skal vera íslenzkt og rétt að lögum íslenzkrar tungu“ segir í 2. gr. Einn nefndarmanna taldi þetta of þröngt orðað enda væri „gengið of nærri frelsi manna til þess að velja börnum sínum nöfn“. Í greinargerðinni, og í þeim umræðum á Alþingi sem fylgdu, eru frelsisrök notuð í þetta eina sinn með skýrum hætti. Frumvarpið gerir tillögu um að dómsmálaráðuneytið geti veitt leyfi fyrir nýjum ættarnöfnum. „Ættarnöfn skulu vera íslenzk og rétt að lögum íslenzkrar tungu“ segir í 11. gr. Nefndin þríklofnaði þó í afstöðu sinni til ættarnafna og það reyndist fyrirboði þeirra umræðna sem á eftir fylgdu á Alþingi (Alþingistíðindi 1955–56 C, 213–265). Umræða um ættarnöfn yfirskeygðði alla umræðu um frumvarpið. Viðhorf Bjarna Benediktssonar voru nokkuð þversagnakennd. Hann fór með skilmerkilegum hætti yfir galla gildandi laga, ekki síst að þau veittu fólki ójafnan rétt til ættarnafna. Hann sjálfur væri þó alfarið mótfallinn ættarnöfnum. „Mér er engin launung á því, að mín skoðun sjálfs er sú, að langbezt væri, að ættarnöfnum væri með öllu útrýmt úr íslenzkri tungu“ (Alþingistíðindi 1955–56 C, 256). Tilgangur laganna væri ekki sá að fjölga ættarnöfnum, heldur hafa stjórn á þeim. Valkosturinn væri að banna þau með öllu.

Önnur tilraun til að endurskoða lög um mannanöfn var gerð árið 1971 (Alþingistíðindi 1971–72 A, þingskjal 34). Frumvarpið byggðist að mörgu leyti á sömu sjónarmiðum og frumvarpið frá 1955, þ.e. áhersla á þjóðleg eiginöfn og að ný ættarnöfn skyldu leyfð með því skilyrði að þau féllu að íslensku málkerfi. Nefndin sem samdi frumvarpið tók enga skýra afstöðu með eða á móti ættarnöfnum en taldi að framkvæmd laganna frá 1925 hefði skapað venju sem erfitt væri að vinda ofan af, auk þess sem „nafnið sé persónulegt málefni og varði tilfinningar manna, og að fara beri með aðgát að lagasetningu um slíkt persónu- og mannréttindasvið“. Nefndin lagði auk þess til að útlendingar sem veittur væri íslenskur ríkisborgararéttur fengju að halda sínum nöfnum, en börn undir 18 ára aldri skyldu taka upp íslensk nöfn. Að einu leyti markar þetta frumvarp tímamót: Þjóðskrá var gerð að lykilstofnun um framkvæmd laganna og mannanafnanefnd var falið skýrt leiðbeiningar- og úrskurðarhlutverk, m.a. að semja skrá yfir leyfð nöfn. Umræða um frumvarpið var lítil og efri deild Alþingis samþykkti að vísa málinu til ríkisstjórnar. Enn og aftur voru það ættarnöfnin sem sátu í þingmönnum, en þeir vildu að farin væri „einhver millileið milli hinna öndverðu skoðana, sem uppi eru um þetta efni í þjóðfélaginu“ eins og Ragnar Arnalds komst að orði (Alþingistíðindi 1971–72 C, 4). Þessi millileið var sú sama og samstaða varð um árið 1925: Núverandi ættarnöfn yrðu leyfð en bannað með öllu að taka upp ný.

1.3 Lögin endurskoðuð: 1991–1996

Árið 1991 tókst loks að endurskoða mannanafnalög með lögum nr. 37/1991. Lögin byggðust að miklu leyti á tillögunum frá 1971, með Þjóðskrá og mannanafnanefnd sem lykilaðilum við framkvæmd og eftirlit með lögnum. Frumvarpið sem lögin byggjast á gerði þó ekki að tillögu sinni að ný ættarnöfn yrðu leyfð, sem að líkindum var lykilaðriði fyrir framgang málsins. Í umræðum á Alþingi var nær ekkert fjallað um ættarnöfn og þó að þingmenn gerðu ýmsar athugasemdir við frumvarpið var góð samstaða um að tryggja framgang þess. Nýir ríkisborgarar fengu að halda nöfnum sínum (að viðbættu einu íslensku nafni) og erlend eiginnöfn voru samþykkt ef annað foreldri var af erlendu bergi brotið.

Fljótlega eftir samþykkt laganna fór að bera á nokkurri óánægju meðal almennings. Öðrum þræði má rekja þá óánægju til þess að lögum um mannanöfn var nú framfylgt með skýrum og samræmdum hætti, en einnig má leiða líkur að því að með því að draga það áratugum saman að endurskoða lög um mannanöfn hafi hin nýju lög verið nokkuð á skjön við væntingar fólks og tíðaranda. Að þessu sinni voru það ekki ættarnöfnin sem voru deiluefnið, heldur eiginnöfn og millinöfn. Í 2. gr. laga nr. 37/1991 segir: „Eiginnafn skal vera íslenskt eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Það má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi“. Í lögnum frá 1925 og öllum frumvörpum um breytingar síðar var talað um „íslensk nöfn“, en með eðlilegri framkvæmd laganna frá 1991 – m.a. lista yfir leyfileg mannanöfn – var í raun komið í veg fyrir að ný tökunöfn gætu unnið sér sess sem íslensk nöfn. Í nýjum lögum um mannanöfn nr. 45/1996 var reglunum breytt (5. gr.): „Eiginnafn skal geta tekið íslenska eignarfallsendingu eða hafa unnið sér hefð í íslensku máli. Nafnið má ekki brjóta í bág við íslenskt málkerfi. Það skal ritað í samræmi við almennar ritreglur íslensks máls nema hefð sé fyrir öðrum rithætti þess“. Í stað þess að tala um „íslensk nöfn“ kemur málfræðileg – eða tæknileg – útlegging á því hvaða nöfn séu lögleg og megi skrá í þjóðskrá.

Í greinargerð með frumvarpinu (Alþingistíðindi 1996, þingskjal 75) segir að brýnt sé að vinna að „varðveislu íslenska mannanafnaforðans og íslenskra nafnasiða“, en „farsælla [sé] að vinna að því markmiði með fræðslu og áróðri en með lögboði“. Markmið nýrra laga sé því aukið frjálsræði í nafngiftum. Þetta aukna frjálsræði nær þó ekki til íslenskra kenninafna:

Íslendingar eru eina þjóðin á Norðurlöndum og þótt miklu víðar væri leitað sem tekist hefur að varðveita þann ævaforna sið að menn séu kenndir til föður eða móður. Þessi forni kenninafnasiður markar Íslendingum mikla sérstöðu og er nátengdur tilfinningu þeirra fyrir sögu þeirra, menningu og sjálfstæði. Nöfn nútímafólks eru flest með sama sniði og nöfn áa þess um aldir. *Vigdís Finnbogadóttir*, *Ásgeir Ásgeirsson*, *Guðrún Ósvífursdóttir* og *Snorri Sturluson*, allt eru þetta nöfn sem vitna um órofa samhengi íslenskrar menningar og tungu, samhengi sem á sér naumast sinn líka annars staðar í heiminum. Auk þess að vera forni, sérstakur og þjóðlegur hefur íslenski kenninafnasiðurinn þann

mikla kost að kenninöfn kvenna víkja ekki fyrir kenninöfnum karla. [...] Það væri óbætanlegur skaði ef Íslendingar glötuðu þeim merki-
lega arfi sem kenninafnasiður þeirra er. Þeir hafa þá skyldu við sjálfa
sig, afkomendur sína og umheiminn að reyna eftir fremsta megni að
varðveita þennan arf.

Þegar litið er til þess sem hér segir um „samhengi íslenskrar menningar og tungu“ leynir sér ekki hve röksemdafærslan er náskyld hugmyndaheimi Bjarna frá Vogu og samtíma-
manna hans, enda voru ný ættarnöfn bönnuð sem fyrr með þessum rökum. Sérstök
eftirlitsnefnd með nýjum mannanafnalögum sendi frá sér lokaskýrslu árið 2005 og var
það niðurstaða nefndarinnar að lög um mannanöfn væru of rúm og leyfðu í raun öll
eigninöfn að því tilskildu að hægt væri að bæta eignarfallsendingu við þau. Nefndin taldi
hins vegar erfitt að þrengja lögín á nýjan leik (Dögg Pálsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson
& Jónas Kristjánsson 2005).

1.4 Tilraunir til endurskoðunar: 2006–2020

Á síðustu árum hafa þingmenn flutt frumvörp um aukið frjálsræði í nafngiftum. Tækni-
legar útfærslur á eignarfallsendingu, nafnahefð og málkerfi hafa orðið tilefni deilna, ekki
síður en „íslensk nöfn“ áður. Fjölmíðlaumfjöllun um mannanafnanefnd og ákvarðanir
hennar, dómsmál um rétt til nafngifta og barátta þekktra einstakling á borð við Jón
Gnarr til að breyta nafni sínu skipta einnig máli í þessu samhengi. Árið 2006 var flutt
frumvarp um afnám mannanafnanefndar (Alþingistíðindi 2006–07 A, þingskjal 362) og
árið 2014 um róttækar breytingar á lögum um mannanöfn, m.a. afnám mannanafna-
nefndar og banni við ættarnöfnum (Alþingistíðindi 2014–15, þingskjal 523). Í greinar-
gerð með frumvarpi til laga um mannanöfn sem lagt var fram á Alþingi 2018 og er
að mestu samhljóða frumvarpinu frá 2014 (Alþingistíðindi 2018–19, þingskjal 9), er að
finna eftirfarandi röksemdafærslu:

Íslensk nafnahefð og íslenskt málkerfi er varið með neikvæðum
íþyngjandi formerkjum í núgildandi lögum. Með því að fella brott
ákvæði þess efnis að nöfn stangist ekki á við íslenskt málkerfi er opnað
á möguleikann á því að tungumálið og nöfn þar á meðal fái að taka
breytingum og þróast. Vissulega er íslensk nafnahefð fyrirbæri sem á
sér rætur í menningu okkar. Menningu okkar sækjum við alls staðar
að og þannig á íslensk nafnahefð rætur í danskri, franskri og enskri
menningu. Andi þessara tillagna að breytingum á lögum um manna-
nöfn er frjálslyndur og leggur áherslu á að fólki sé treyst til að viðhalda
menningu og síðum sem hafa merkingu fyrir það sem hluta af stærri
heild. Viljinn til þess að standa vörð um hefðir og venjur verður ekki
þvingaður upp á fólk með boðum og bönnum. Íslensk tunga og þar
af leiðandi nafnahefð dafnar þegar þeim sem hana nota er treyst til að
fara með hana án afskipta og íþyngjandi laga sem neyða fólk til þess

að sækja rétt sinn fyrir dómstólum til þess eins að fá að heita það sem það vill heita.

Þær röksemdir sem hér birtast eru í mikilli andstöðu við þær hugmyndir sem mótuðu lög um mannanöfn lengst af. Látið er að því liggja að íslensk menning sé ekkert sérstaklega íslensk þegar að er gáð og að gildi menningar eða menningararfs ráðist fyrst og fremst af frjálsu vali einstaklinga. Hugmyndir um óskoraðan rétt einstaklinga eru settar í öndvegi og ryðja sjálfkrafa í burt hugmyndum um vernd tungumáls og menningar. Einnig eru horfin tengsl þessara verndar- og ræktunarsjónarmiða við önnur gildi á borð við pólitískt sjálfstæði og sérstaka þjóðmenningu. „Mannanöfn eru svo sérstakur og afmarkaður hluti tungumálsins að ekki er líklegt að þau hafi veruleg áhrif á aðra þætti þess,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson (2018) í umsögn um frumvarpið. Og hann heldur áfram: „Stundum er látið að því liggja að bann við upptöku ættarnafna sé liður í vernd íslenskrar tungu. Engin leið er hins vegar að halda því fram. Þessi síður er hluti af íslenskri menningu, en ekki sérstaklega af íslenskri tungu. Ættarnöfn eru í eðli sínu hvorki íslenskulegri né óíslenskulegri en föður- og móðurnöfn“. Hér eru tunga og menning skilin í sundur með áhugaverðum hætti, en sú forsenda virðist sjálfgefin að íslenskuna beri að styðja og vernda, en um menninguna gildi önnur sjónarmið. „Ég tek heils hugar undir það að kenning til föður eða móður er menningarhefð sem æskilegt er að viðhalda,“ segir Eiríkur Rögnvaldsson (2020) í annarri umsögn. „En hefðir eru lítills virði nema samfélagið þar sem þær gilda hafi áhuga á að halda í þær. Hefð sem þarf að viðhalda með lögum er ekki hefð – heldur nauðung“. Það sem hefur gildi, er það sem einstaklingar velja með frjálsu vali sínu, annað hefur ekki raunverulegt verndargildi þegar á reynir.

Þó að frumvarp til breytinga á lögum um mannanöfn hafi verið fellt á Alþingi 2018–19 þá verður ekki sagt að vörn þingmanna hafi almennt verið á þjóðernislegum forsendum. Meirihlutinn taldi að málið þarfnaðist meiri undirbúnings. Sama skoðun var uppi á lögjafarþinginu 2014–15, heildarendurskoðun laga um mannanöfn væri nauðsynleg og mikilvægt að ríkisstjórnin sinnti því verkefni (Alþingistíðindi 2014–15, þingskjal 1452). Dómsmálaráðherra lagði fram nýtt frumvarp til laga um mannanöfn haustið 2020 (Alþingistíðindi 2020–21, þingskjal 162). Í frumvarpinu er frjálsræði aukið til muna, ættarnöfn leyfð og afskiptum ríkisins af nöfnum að mestu hætt. Meginstefna frumvarpsins er áhersla á réttindi einstaklinga en lítil á stefnu sem áður þótti mikilvæg á borð við vernd tungunnar eða vernd sérstakra íslenskra hefða. Í 5. gr. frumvarpsins segir: „Kenning til foreldris er meginregla hér á landi. Undantekning frá þeirri reglu eru ættarnöfn“. Í greinargerð segir: „Þess hefur þó verið gætt við vinnslu frumvarpsins að hafa íslenska mannanafnahefð að leiðarljósi ... Lagt er til að heimildir til vals á eiginnöfnum verði með litlum takmörkunum en gengið er út frá því að áfram verði kenning til foreldris áberandi, sem er helsta sérstaða íslenskra laga um mannanöfn, þrátt fyrir heimild til upptöku ættarnafna“. Áherslan er á frelsi til nafngifta, í frumvarpinu fellst engin sérstök vörn fyrir „íslensk nöfn“ eða íslenska kenninafnakerfið. Frumvarpið gerir ráð fyrir hlutleysi ríkisins um slíkar hefðir. Í greinargerðinni er bent „á að réttur til nafns hefur verið talinn einn mikilvægasti þáttur sjálfsmyndar og varðar fyrst og fremst einkahagi nafnbera

en síður almannahag“. Umræður um frumvarpið voru með hefðbundnum hætti. Sigmundur Davíð Gunnlaugsson kallaði t.d. frumvarpið „menningarlaus frjálslyggju“ og lagðist gegn samþykkt þess (RUV 2020). Frumvarpið dagaði upp í nefnd.

1.5 Þjóðerni, menning og menningararfur

Þegar horft er yfir sögu löggjafar og umræðu um mannanöfn á liðinni öld blasir við þörf og vilji ríkisins til að koma á ákveðinni reglufestu við nafngiftir, en jafnframt nokkurt getuleysi framan af árum til að framfylgja þeirri löggjöf sem sett var. Auk reglufestunnar setti ríkisvaldið sér sérstök markmið um íslensk nöfn og nafnahefð, tengd hugmyndum um vernd og ræktun tungunnar og þjóðernisins. Á síðustu árum hafa hugmyndir um aukinn rétt einstaklingsins fengið aukinn hljómgrunn og minni andstaða við erlend áhrif á mannanöfn. Þetta tengist þjóðfélagsbreytingum og því að hreintungustefnan og sá hugmyndaheimur sem henni fylgdi eru ekki jafn sjálfgæfin og áður. Fyrir ríkisvaldið er óbreytanleg kennitala mikilvægust, auk þeirra upplýsinga – á borð við nafn – sem henni tengjast. Með lögum nr. 80/2019 um kynrænt sjálfræði getur fólk breytt skráningu á kyni sínu, eða tekið upp hlutlaus skráningu kyns. Samhliða var munur á kvenkyns- og karlkynsnöfnum afnuminn. Ákvæði um sérstök karl- og kvenkynsnöfn var ekki að finna í lögnum frá 1925, en árið 1991 eru ákvæði um kvenkyns- og karlkynsnöfn lögfest. Við setningu laga nr. 80/2019 er ekki að sjá að þessi breyting á nafnalögum vektí neina umræðu eða deilur á Alþingi.

Það er ljóst að sú þjóðernishyggja sem var aflvaki og bakhjarl laga um mannanöfn hefur látið undan síga. Tengsl tungunnar við samhengi sögunnar og þjóðernisins hefur ekki sömu pólitísku skírskotanir og um miðja tuttugustu öld. Sú spurning vaknar hvort íslenska kenninafnakerfið verði skilgreint sem sérstakur menningararfur óháð tungunni og sérstökum þjóðernishugmyndum. Menningararfur er bæði efnislegur og óefnislegur, gerir kröfu um vernd og stjórn sérfræðinga. Mannanöfn eru nú þegar undir eftirliti og stjórn sérfræðinga – mannanafnanefndar – sem skilgreina menningararfinn í samræmi við lögbundið hlutverk sitt. Síðustu áratugum má lýsa sem „stund menningararfsins“ á Vesturlöndum, fræðimenn hafa jafnvel talað um einskonar „krossfara menningararfsins“ í þessu sambandi (Lowenthal 1998; Valdimar Hafstein 2015). Vinsældir menningararfs – og svípaðra hugtaka¹ – má að einhverju leyti rekja til þess að þjóðernishugmyndir fyrri tíma hafa glatað sannfæringarkrafti sínum og fólk hafi því þörf til að tengjast fortíðinni með öðrum hætti en áður var. Tengsl fólks við söguna, eða samband sögu og menningar við fyrri tíma, eru rofin vegna mikilla og æ hraðari þjóðfélagsbreytinga. Umræðunni um menningararf mætti lýsa, eins og Valdimar Hafstein (2015, 28) orðar það, „sem póstmóðernískri aðferð til að fást við menningarmun [...]“. Það er ljóst að umræða um menningarmun og sjálfsmyndir sem honum tengjast hefur fengið nýjan farveg í umræðu um menningararf.

Í þessu sambandi má nefna nýleg lög um örnefni og menningarmínjar. Markmið laga nr. 22/2015 um örnefni (1. gr.) er „að stuðla að verndun örnefna og nafngiftahefða í landinu sem hluta af íslenskum menningararfi og tryggja að honum verði viðhaldið handa komandi kynslóðum“ og „að ný örnefni séu í samræmi við íslenska málfræði

og íslenska málvenju“. Með auknum fjölda ferðamanna virðist full þörf á varðveislu örnefna sem mörg hver hafa fengið ensk heiti samhliða þeim íslensku (sbr. Arnhildur Hálfðánardóttir 2018). Örnefni eru ágætt dæmi um óeiginlegan menningararf, ekki ósvipað og mannanöfn. Í lögum um menningarminjar nr. 80/2012 segir (1. gr.) að tilgangur laganna sé „verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða“. Menningarminjar eru dæmi um eiginlegan eða áþreifanlegan menningararf, þó mörkin á milli eiginlegs og óeiginlegs menningararfs séu á stundum óljós. Menningararfi þarf því samkvæmt lögum að „viðhalda“ eða skila „óspilltum“, en ógn eyðileggingarinnar er þó sjaldan langt undan. Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein (2015) halda því fram að „möguleg eyðilegging“ beinlínis skilgreini hugtakið menningararfur. Þetta einkenni má heimfæra á umræðuna um mannanöfn, en möguleg eyðilegging hefur átið verið mönnum hugleikin þegar rætt er um íslenska nafnahefð og tengsl hennar við íslenska tungu.

2. Þjóðernishyggi, einstaklingsfrelsi og menning

Er réttlætlanlegt að ríkisvaldið leggi kvaðir á fólk til að viðhalda eða vernda tiltekna menningu, líkt og sameiginlegt tungumál? Að hve miklu leyti er réttlætlanlegt að ríkið styðji ákveðna menningu eða menningarhefð umfram aðra? Spurningar af þessu tagi vakna óhjákvæmileg þegar lög um mannanöfn koma til umræðu. Nokkuð hefðbundin frjálslynd sjónarmið (Rawls 1971; Sher 1997; Patten 2012) leggja áherslu á hlutleysi ríkisvalds þegar lífshættir, menning og trúarbrögð eiga í hlut, enda mikilvægt að ríkisvaldið virði ákvarðanir eða val einstaklinga um þessi efni. Hlutverk hins frjálslynda ríkisvalds er samkvæmt þessu að tryggja jöfn réttindi en ekki að velja ákveðin gildi, markmið eða lífshætti umfram önnur á þeim grundvelli að þau séu sannari eða réttari en önnur (Kymlicka 1989; Kymlicka 2002, 244–268; Kelly 2005, 40–49; Bird 2006, 264–269). Hlutleysi (e. neutrality) vísar hér fyrst og fremst til þess hvernig ríkisvaldið réttlætir ákvarðanir sínar eða stefnu – með öðrum orðum á hvaða forsendum eða grundvelli slík stefna er mótuð. Frjálslyndir kenningarmiðir leggja í þessu samhengi áherslu á að ríkisvaldið sé óhlutdrægt (e. impartial) eða sanngjarnt (e. even-handed), t.d. gagnvart ólíkum trúfélögum og hugmyndum um hið góða og farsæla líf (Barry 1995, 2001). Frjálslyndi til grundvallar liggur því ákveðin fjölhyggja um menningu og gildi, jafnt innan samfélaga og á milli þeirra.

Þessi afstaða setur frjálslyndar kenningar í nokkurn vanda þegar þjóðir og þjóðríki eiga í hlut, enda virðast frjálslyndar kenningar einfaldlega gera ráð fyrir að þessar einingar séu til staðar. Þjóðríki taka iðulega ákvarðanir og móta stefnu á grundvelli ríkjandi þjóðernishyggiu, þjóðmenningar eða menningararfs, sem getur orkað tvímælis frá sjónarhóli frjálslyndra kenninga. Frjálslyndi og þjóðernishyggi áttu jöfnum höndum pólitíska samleið í Evrópu á níjtjándu öld (Alter 1989; Guðmundur Hálfðanarson 2001), og fræðimenn hafa á síðustu áratugum sett fram heildstæðar kenningar um frjálslynda þjóðernishyggiu (Tamir 1993; Miller 1997). Samspil frjálslyndis og þjóðernishyggiu er flókið, líkt og stjórnmálasaga tuttugustu aldar ber vitni um. Frjálslynd þjóðernishyggiu leggur áherslu á mikilvægi þjóðmenningar og hlut hennar í sjálfsmynd einstaklingsins,

en efasemdarmenn telja innbyggða togstreitu á milli einstaklingsfrelsis og þjóðernishyggiu (Vincent 1997; Patten 1999). Þessa togstreitu má glöggst sjá þegar ríkisvaldið réttlætir skorður á einstaklingsfrelsi eða setur kvaðir á einstaklinga í nafni þjóðmenningar. Togstreituna má einnig sjá í viðhorfum til minnihlutahópa. Tengsl einstaklingsfrelsis og menningar þess hóps sem einstaklingurinn tilheyrir er því oft nokkuð eldfimt pólitískt mál (Ogard 2015), en að sama skapi mikilvægt til skilnings og mats á þjóðernishyggiu.

Hugmyndir um þjóðmenningu, sjálfsmyndir þjóða, sérstaka lífshætti eða siði sem aðgreinir þjóðir, menningararfleið eða merkingu er oft og tíðum erfitt að samræma áherslu frjálslyndra á sjálfráða einstaklinga. Hér má taka tungumálið sem dæmi. Ef ríkisvaldið er – eða á að vera – hlutlaust um trúarbrögð er því sjaldnast svo farið um tungumálið (Brubaker 2013). Málfræsi þýðir ekki „tungumálafrelsi“ – flest þjóðríki hafa á mótunarárum sínum þurft að „velja“ tungumál til kennslu og stjórnsýslu, stundum með nauðsynlegum undantekningum fyrir minnihlutahópa. Það er út af fyrir sig ekkert frjálslynt við þessar áherslur, val á tungumáli var ríkinu nauðsynlegt, en gat einnig tengst orðræðu um sérstök einkenni ákveðins tungumáls og oft nátengt ríkjandi þjóðernishyggiu. Áherslan á íslenskuna, bæði í pólitískri orðræðu og orðræðu um menningarmál, er sú að hún sé einkonar krúnudjásn íslensks þjóðernis, forsendan fyrir tilvist þjóðarinnar og fullveldi ríkisins. Áherslan á íslensk nöfn og nafnahefð er samofin þessum áherslum.

Til að varpa frekara ljósi á tengsl einstaklingsfrelsis og menningar – hvort heldur sérstakrar þjóðmenningar eða menningar almennt – er gagnlegt að skoða rökræður stjórnmálaheimspekinga um málið. Kastljósinu verður annars vegar beint að samspili frelsis og menningar, t.d. hvort menning sé með einhverjum hætti forsenda frelsis, og hins vegar togstreitu frelsis og menningar, t.d. hvort vernd menningar, hefða, menningararfleiðar eða menningarverðmæta feli mögulega eða óhjákvæmilega í sér skerðingu á einstaklingsfrelsi.

2.1 Taylor og Kymlica: Sjálfræði og/eða frumleiki

Tengsl einstaklingsfrelsis og þjóðmenningar má nálgast frá tveimur sjónarhornum. Við getum annars vegar greint stjórnsmál hins algilda, með áherslu á jöfn réttindi og tækifæri. Hins vegar eru til staðar stjórnsmál þess sem aðgreinir fólk, með áherslu á einstaka sjálfsmynd einstaklinga og samfélaga. Stjórnsmál hins algilda leggja áherslu á sjálfræði (e. autonomy) sem sé öllum mönnum sameiginlegt eða að minnsta kosti mögulega sameiginlegt. Stjórnsmál þess sem aðgreinir leggja áherslu á frumleika (e. authenticity), sem tengjast því hver við erum, okkar sérstöku eða einstöku sjálfsmynd. Kanadíski heimspekingurinn Charles Taylor (1989) telur að tveir hugmyndastraumar hafi um margt mótað nútímann, annars vegar frjálslyndi með rætur í upplýsingastefnunni og hins vegar rómantísk tjáningarhyggja (e. expressivism) með áherslu á frumleika, sköpun og tengsl við náttúruna. Þessar ólíku áherslur er oft erfitt að samræma að mati Taylors, hvort heldur í lífi einstaklinga eða samfélaga. Það sem fólk á þó sameiginlegt að mati Taylors (1994) er þörf fyrir viðurkenningu og virðingu, og á það jafnt við um einstaklinga og samfélög. Líkt og Herder hélt því fram að menning væri sérstök og hefði sitt eigið gildi, telur Taylor að menning sem sannað hafi gildi sitt um langt skeið eigi tilkall til að lifa áfram. Sérstök

Þjóðmenning hefur því gildi í sjálfu sér, ríkið getur ekki verið hlutlaust hvað hana varðar, heldur getur það stutt hana og ræktað og því ber jafnvel að gera svo. Þetta á við um þjóðir en einnig þjóðarbrot eða minnihlutahópa innan stærri þjóðríkja. Gylfi Þ. Gíslason (1917–2004), fyrrverandi alþingismaður og ráðherra, orðaði þessa áherslu á menningarlega fjölbreytni með skáldlegum hætti:

Er ekki fjölbreytni ein undirstaða fegurðar, í öllu mannlífi og allri menningu? Væri völlurinn jafnfagur, ef þar væri aðeins ein tegund blóma? Væri maður jafnríkum mæli manns gaman, ef allir væru þeir eins? Væri heimsmenningin sá aflsgjafi þroska og sú undirstaða lífsgleði, sem hún er, ef hún væri öll af sama toga spunnin og öll með einum svip? (Gylfi Þ. Gíslason 1994, 136).

Og hann heldur áfram:

Ef gömul þjóðmenning líður undir lok, verður heimurinn fábreyttari, fátækari. Lífsnautn mannsins minnkar. Hann horfir á bak hamingju sem hann hefði getað notið. [...] Vitundin um eigið þjóðerni, tungu og menningu hefur ómetanlegt gildi (Gylfi Þ. Gíslason 1994, 137).

Röksemdir Taylors fela einnig í sér stuðning við fjölmenningu, sérstaklega menningu frumbyggja og hópa á borð við frönskumælandi Quebec-búa. Viðhorf Taylors má kenna við menningarlega félagshyggju (e. communitarianism) enda hefur hin samfélagslega menning afgerandi áhrif á mótun einstaklinga. Einstaklingarnir eru því ekki eingöngu „réttindaberandi“ persónur, sjónarmið sem Taylor (1985) kallar „pólítíska frumeindakenningu“ (e. atomism) – eða þá kenningu að réttindi einstaklinga standi öðrum gildum frammar, gildum á borð við þau að tilheyra samfélagi eða hafa skyldur við samfélag. Ríkisvaldið getur því samkvæmt Taylor lagt kvaðir eða skyldur á herðar borgurunum til að viðhalda og rækta þau sameiginlegu gæði sem í menningunni felast. Þessar skyldur eða kvaðir eru þó að mati Taylors ætíð háðar lýðræðislegri umræðu og samþykki.

Will Kymlicka (1991, 1995) hefur fært rök fyrir gildi menningar fyrir frjálslyndisstefnuna og fært rök fyrir fjölmenningsstefnu, sérstaklega í heimalandi sínu, Kanada. Hann nálgast þó viðfangsefni sitt með nokkuð öðrum hætti en Taylor. Í stað þess að setja samfélagið og menningu þess í forgrunn, er sjálfræði einstaklinga sú forsenda sem miða skal við. Þó að Kymlicka hafni þeirri gagnrýni Taylors að frjálslyndum hætti við að lýta á einstaklinga sem „pólítískar frumeindir“ þá viðurkennir hann að þeir vanmeti oft og tíðum gildi og mikilvægi sameiginlegrar menningar fyrir frelsi og þroska einstaklinga. Að mati Kymlicka má tiltekin menning þó ekki takmarka frelsi einstaklinganna til að meta og hugsanlega endurmeta þá menningu sem þeir búa við. Að tilheyra sameiginlegri menningu er hins vegar forsenda fyrir sjálfsvirðingu einstaklinga og að markmið þeirra séu þess virði að sækjast eftir þeim. Sameiginleg menning hefur einnig áhrif á sjálfsmynd einstaklinga. Frelsið felur í sér tækifæri til að meta valkosti sem menningin gerir ekki að-

eins mögulega, heldur gefur hún þeim merkingu. Mikilvægi menningar felst í því að setja þá valkosti sem samfélagið býður upp á í samhengi við líf og gildismat einstaklingsins.

Þó að Kymlicka beini sjónum að „okkar menningu“ og þeim valkostum sem hún hefur upp á að bjóða fremur en t.d. „heimsmenningunni“ og valkostum hennar, þá virðist sjónarhorn hans ekki gera ráð fyrir að tiltekið „inntak“ menningar skipti meginmáli. Kymlicka (1995) fylgir í fótspor Gellers (1983) og lítur á þjóðmenningu sem afsprenge nútímavæðingar og tengir hana því stofnunum ríkisins, ekki síst skólakerfi. „Nútímavædd menning“ af þessu tagi er því andstæð hefðarhyggju og er í raun frjálslynd menning (e. liberalized culture). Kymlicka er því að fást við nokkuð aðra hugmynd um menningu en þeir sem byggja viðhorf sín á Herder og síðari tíma fylgismönnum hans. Út frá hugmyndum Kymlicka má því álykta að Íslendingar þurfi að tala tungumál sem er þeim sameiginlegt, en það þarf ekki að vera íslenska. Menning verður að valkostum sem einstaklingurinn stendur frammi fyrir, íslensk menning hefur ekkert sjálfstætt gildi óháð vali einstaklinga.

Þrátt fyrir að leggja áherslu á mikilvægi menningar heldur Kymlicka (2002, 244–268) einnig fast við hugmyndir um hlutleysi. Á sama tíma hafnar hann því að þessi hugmynd um hlutleysi eigi við um tungumál og þjóðerni (e. ethnicity) (Kymlicka 1995, 111; Kymlicka 2002, 344–346). Hann gagnrýnir þá hugmynd að „markaðstorg þjóðmenningarinnar“ skuli látið óáreitt af ríkisvaldinu og telur það mistök að einhverskonar „velviljað afskiptaleyssi“ ráði ríkjum (Kymlicka 1995, 108). Þessa hugmynd ræðir hann þó fyrst og fremst úr frá samspili minnihlutahópa og ráðandi þjóðmenningar meirihlutans. Þannig blasir við að tungumál þjóðernisminnihluta verður sjálfkrafa í erfiðri stöðu gagnvart tungumáli ríkisins og því á „velviljað afskiptaleyssi“ í nafni hlutleysis ekki við. Kymlicka (2002, 266) telur sjálfsmýnd þjóðarinnar (e. national identity) mikilvæga fyrir samheldni og stjórnsmál, en á sama tíma óttast hann að þjóðernishyggi skilgreini sjálfsmýndina of þröngt.

Áherslan á sjálfræði hefur þann kost að frjálst val einstaklinga getur breytt menningunni en grafið hins vegar undan hugmyndinni um menningu sem frumlegri, upp-runalegri eða sérstakri. Sjálfræði einstaklingsins og frumleg sjálfsmýnd – t.d. sjálfsmýnd þjóðarinnar – geta þannig verið í togstreitu eða andstöðu. Að sama skapi getur áherslan á hið frumlega eða sérstaka – sem Taylor tengdi við tjáningarhyggiu – færst frá menningu eða þjóðum og yfir á einstaklinginn. Einstaklingshyggja nútímans sækir því jafnt í hugmyndir um sjálfræði einstaklinganna og stjórn þeirra á eigin lífi og hugmyndir um frumleika og mótun einstaklingsins á eigin sjálfsmýnd. Taylor (1991) telur hugmyndir um frumleika einstaklinga mikilvægar og gildar siðferðilegar hugmyndir, en í menningu samtímans eigi þær annars vegar til að verða of sjálfmiðaðar eða þróast hins vegar yfir í einhverskonar tómhyggiu. Hugmyndir um sjálfsuppfyllingu (e. self-fulfillment) eru vinsælar, en einnig – t.d. meðal listamanna – eru til hugmyndir sem neita öllum viðmiðum eða menningarlegum sjóndeildarhring eins og Taylor kallar það. Hættan er því afstæðishyggi, ekkert hefur gildi nema að svo miklu leyti sem einstaklingar „ákveða“ að svo sé. Fræðimenn á borð við Ferrara (1994) hafa gengið lengra en Taylor og lagt áherslu á að mótun einstaklinga á sjálfsmýnd sinni í nútímanum felist ekki síst í því að aðgreina sig

frá menningarlega og félagslega skilgreindri sjálfsmynd. Stjórn máls hins aðskilda með áherslu á frumleika og tjáningu sé því ekki síður innan hópa og þjóða en á milli þeirra.

2.2 Isaiah Berlin: Fjölhyggja og frelsi

Breski heimspekingurinn og hugmyndasögufraeðingurinn Isaiah Berlin (1909–1997) var þekktur fyrir eindregna vörn fyrir pólitíska frjálsslyndisstefnu, ekki síst fyrir mikilvægi neikvæðs frelsis. „Ég er yfirleitt talinn frjálst að því marki sem enginn maður skiptir sér af athöfnum mínum,“ segir Berlin (1994, 157) og bætir við: „Stjórn málalegt frelsi er í þessum skilningi einfaldlega það svæði sem maður hefur til athafna óhindraður af öðrum“. Hugmyndaheimur Berlins var hins vegar margslungnari en í fyrstu mætti ætla (Berlin 1976, 1979, 1992, 2006; Ignatieff 1998). Pólitískar skoðanir Berlins mótuðust annars vegar af andúð á alræði og hins vegar af því að hann var gyðingur. Sem ungur maður var Berlin sionisti og fylgdi Weizman, síðar forseta Ísraels, að málum. Að hans mati voru margar leiðir til að vera gyðingur – það væri ekki nauðsynlegt að búa annaðhvort í Ísrael eða aðlagast öðrum samfélögum að fullu. Stofnun Ísraels var sigur fyrir frelsið vegna þess að það jók frelsi einstaklinga til að velja hverskonar lífi þeir vildu lifa. Einn gyðingur gæti kosið að búa í Ísrael, annar í Bretlandi og sá þriðji að aðlagast – gyðingar gætu verið trúaddir, virt hefðir eða yfirgefið gyðingdóm að fullu. Til þess að vera raunverulega frjálst þarf fólk að tilheyra einhverri menningu með öruggum og eðlilegum hætti. Gyðingur þar sem „menning gyðinga“ hefur horfið í umhverfi hans er ekki frjálst að því að vera gyðingur. Að sama skapi er fólk of meðvitað um sérstöðu sína í samfélagi þar sem þeirra menning eða trú er litin hornauga eða jafnarsett. Einstaklingar sem tilheyra samfélagi, þar sem sameiginleg gildi og lífshættir þeirra eru hversdagslegir og sjálfsagðir, þroskast með eðlilegum og frjálsum hætti. Neikvætt frelsi – jafn mikilvægt og það er – getur því ekki verið eina markmið stjórnvalda. Önnur mikilvæg markmið eins og að tala tiltekið tungumál, tilheyra samfélagi með ákveðna sögu og tengsl við landsvæði eru allt eins mikilvæg. Pólitískar stofnanir eru því mikilvægar til að tjá og vernda slík gildi. Berlin hafði því skilning á „menningarlegri sjálfsstjórn“ og þjóðernishyggju en varaði við því að slík stefna yrði andsnúin frelsinu (Galipeau 1994).

Grunnurinn að heimspeki Berlins er gagnrýni hans á skynsama einhyggju (e. rational monism), eða þá trú að til sé eitt rétt skynsamlegt svar við spurningum um gildismat og siðferði. Gegn þessari skoðun teflir hann fjölhyggju um gildismat og siðferði þó að hugsanlega sé til lágmarkssiðferði sem allir í ljósi reynslunnar – t.d. af stalínismanum – geti samþykkt. Gagnrýni Berlins á skynsama einhyggju á rætur í áherslu rómantísku stefnunnar á menningarlega fjölhyggju og tjáningarhyggju. Berlin rekur einnig hugmyndina um mikilvægi þess að tilheyra menningu, eða vera heima í sinni eigin menningu, til áherslu rómantísku stefnunnar á menningarlega fjölhyggju. Með rómantíkinni verður til áherslan á að allir eigi rétt á að lifa í sinni eigin menningu sem með einhverjum hætti er einstök og frumleg.

Umræða Berlins um neikvætt frelsi tengist gagnrýni hans á skynsama einhyggju. Neikvætt frelsi fellur að hans mati vel að heimi þar sem fjölhyggja um gildi, lífshætti og menningu er ríkjandi. Einstaklingar í slíku samfélagi hafa svigrúm til að velja og móta

þá lífshætti sem þeim hugnast best. Átök, togsteita eða val á milli gilda eða verðmæta er ekki eitthvað sem við komumst undan að mati Berlins, enda getur slíkt val jafnvel verið harmrænt þar sem það felur í sér að eitthvað mikilvægt tapast (Gray 1995). Þetta vekur upp spurningar um tengsl og hugsanleg átök einstaklingsfrelsis og verndunar eða viðhalds menningar, t.d. siða, tungumáls og menningararfs.

Í hugmyndaheimi Berlins má finna vísi að tvenns konar réttlætingu eða rökum fyrir frelsinu og tenglum einstaklingsfrelsis og menningar. Þessar hugmyndir eru ekki ólíkar þeim sem Taylor og Kymlicka héldu fram (sbr. Honneth 1999). Annars vegar að sjálfsmynd einstaklinga geti aðeins blómstrað við aðstæður þar sem þeir geta tekið þátt í menningarsamfélagi þar sem gildi þeirra og lífshættir eru lagðir til grundvallar. Þetta eru rök fyrir sjálfræði, einskonafor sendur neikvæðs frelsis. Hins vegar rök sem sótt eru í smiðju Herders og byggjast á því að öll menning hafi gildi í sjálfri sér og að því byggist menningarleg fjölhyggja á þessum grundvelli. Það sé því rétt að vernda fjölbreytileikann sem felst í ólíkum menningarheimum. Annars vegar er siðferðileg krafa um að ólík menning lifi af og hins vegar er menning skilyrði fyrir því að persónulegt sjálfræði blómstri. Honneth (1999) telur að neikvætt frelsi og frelsið til að tilheyra geti auðveldlega verið andstæður eða illa farið saman. Stundum getur frelsið til að tilheyra aðeins verið varið með því að takmarka það valfrelsi sem neikvætt frelsi gerir kröfu um að fólk hafi.

2.3 Rétturinn til menningar

Avishai Margalit og Moshe Halberat (1994) – báðir frá Ísrael – telja að einstaklingar eigi rétt á menningu, ekki hvaða menningu sem er, heldur þeirra eigin sérstöku menningu. Slík menning hefur hóp að forsendu sinni, enda er menning ekki einstaklingsbundin. Þetta hefur að þeirra mati mikil áhrif á hugmyndir okkar um hið frjálsslynda ríkisvald og réttindi einstaklinga, jafnvel réttindi einstaklinga innan hópa. Mikilvægt vandamál – frá sjónarmiði frjálsslyndis – er að vörn fyrir réttindum til menningar krefst oft aðgerða sem ekki eru frjálsslyndar í eðli sínu. Eins og ég hef áður rætt er annað vandamál það að margir frjálsslyndir hugsuðir telja að ríkið verði að vera hlutlaust þegar lífshættir borgaranna eru annars vegar. Margalit og Halberat telja að ríkið verði að afsala sér hlutleysinu og verja þær menningarheildir sem eiga undir högg að sækja. Þetta á að þeirra mati þó ekki við um ráðandi menningu meirihlutans, enda geti slík menning séð um sig sjálf.

Margalit og Halberat taka tvö dæmi frá heimalandi sínu, Ísrael. Annars vegar strangtrúaða gyðinga, en þeirra menning er ekki frjálsslynd og hún stjórnar lífi þeirra með heildstæðum hætti. Hins vegar araba sem eru borgarar í Ísrael, en þeirra menning – einkum tungumálið – er í minnihluta. Strangtrúaðir telja um 7–10% íbúanna og arabar um 18% íbúanna. Báðir hóparnir búa í sínum sérstöku hverfum eða borgarhlutum og mynda þannig skýr landfræðilega og félagslega afmörkuð samfélög.

Það menningarhugtak sem höfundar eru að vinna með er menning sem stýrir lífsháttum með heildstæðum hætti. Gera verður greinarmun á lífsháttum (e. way of life) sem tilheyrir hópi og lífsstíl (e. lifestyle) sem tilheyrir einstaklingum. Þeir hópar sem um ræðir eru þjóðernis- eða trúarhópar. Rétturinn til menningar felur í sér réttinn til að viðhalda heildstæðri menningu án þess að samfélagið almennt – þ.e. meirihlutinn – skipti

sér af eða grípi inni í, og einnig að samfélagið viðurkenni þennan rétt. Höfundar leggja áherslu á að einstaklingarnir eigi rétt til menningar þó að þessi menning þurfi hóp til að lifa af. Höfundar gera greinarmun á hinum frumspekilega einstaklingi og hinum mannfræðilega – á persónu og persónuleika. Menning leikur stórt hlutverk í því að móta persónuleika einstaklingsins, móta sjálfsmyndina. Rétturinn til menningar er því ekki aðeins rétturinn til að samsama sig hópi, heldur til að tryggja örugga eða tryggja sjálfsmynd.

Margalit og Halberat bera sínar röksemdir saman við röksemdir Kymlicka. Helsta muninn segja þeir vera þann að Kymlicka verji rétt einstaklingsins *til menningar*, en samkvæmt þeim sjálfum að einstaklingurinn eigi rétt til *sinnar menningar*. Á þessu er grundvallarmunur. Réttindi minnihluta til að viðhalda menningu er samkvæmt Kymlicka ekki til að viðhalda sérstakri menningu, heldur réttindi minnihluta til að eiga sér einhverskonar menningarlegt umhverfi eða tengsl. Hér eru höfundar ósammála Kymlicka og telja að einstaklingur eigi rétt til menningar vegna þess að hann hafi mikla hagsmuni af því að viðhalda sjálfsmynd sinni og verja hana, þ.e. að viðhalda lífsháttum sínum og þeim einkennum sem eru miðlæg fyrir hann og aðra meðlimi hópsins. Fyrir Kymlicka er menningin mikilvæg vegna þess að hún gefur fólki samhengi og valkosti, en Margalit og Halberat telja að meðlimir hópa meti menningu mikils vegna þess að innihald þessarar sérstöku menningar gefi lífi þeirra merkingu með fjölbreyttum hætti. Mikilvægi tungumáls felst t.d. í því að það er þitt tungumál og ef þú missir það glatar þú möguleikum á að tjá þig á því tungumáli. Eitt tungumál kemur ekki í staðinn fyrir annað. Höfundar vilja því skoða réttinn til menningar og mikilvægi menningar frá sjónarhóli fólksins sjálfs. Kymlicka gerir ráð yfir að fólk sé frjálst og telji valfrelsið mikilvægast, en Margalit og Halberat telja að þörfin til að tilheyra menningu sé mikilvægari, sérstaklega fyrir minnihlutahópa sem telja að sér þrengt eða ógnað með einhverjum hætti.

2.4 Samantekt og umræða

Tengsl einstaklingsfrelsis og menningar eru mikilvæg fyrir frjálslýnda hugsuði þó að þeir nálgist viðfangsefnið frá ólíkum sjónarhóli. Isaiah Berlin var með hugann við reynslu gyðinga og hafði þar með skilning á stöðu minnihlutahópa, en fyrst og fremst var hann með hugann við rétt þjóða til að stjórna sér sjálfar eða stofna eigið ríki. Þjóðir væru menningarheildir sem öldum saman hefðu sannað gildi sitt og – líkt og Herder færði rök fyrir – væru hluti af fjölbreyttri flóru mannkyns, í raun forsenda fjölhyggju um verðmæti og lífshætti. Hugmyndir Berlins um neikvætt frelsi eru nátengdar fjölhyggju af þessu tagi. Charles Taylor leggur með svipuðum hætti – einnig undir áhrifum frá Herder – áherslu á mikilvægi frumleika og sérkenni menningarheilda á borð við þjóðir. Í þeim séu því fólgin verðmæti, eða þá að þær tengist verðmætum á borð við sérstök tungumál. Samkvæmt Taylor er því sjálfsagt og eðlilegt að ríkið styðji og verndi þjóðmenningu af þessu tagi og virðist hann horfast með raunsærri hætti en Berlin í augu við þann vanda að neikvætt frelsi einstaklinga skerðist mögulega við þetta. Með röksemdum þeirra Berlins og Taylors má því segja að í íslensku þjóðerni og íslenskrri menningu og tungu felist ákveðin verðmæti sem rétt sé að ríkisvaldið verndi eða styðji. Hjá Berlin fellur þessi verndarstefna sjálfkrafa að pólitískri frjálslýndisstefnu hans, en hjá Taylor fellur hún að

hugmyndum hans um rétt og hugsanlega skyldu ríkisins til að styðja og vernda menningu, og að því fylgi mögulega ýmsar kvaðir og kostnaður fyrir borgarana.

Lög um mannanöfn voru upphaflega sett til að verndar íslensku þjóðerni, sérstaklega tungunni. Sá hugmyndaheimur sem lá að baki lögnum fellur ágætlega að þeim hugmyndum sem Berlin og Taylor gera grein fyrir. Hvort sem við hugsum um lög in sem vörn fyrir íslenska tungu eða til verndar ákveðnum menningararfri er ljóst að þau leggja óhjákvæmilega kvaðir á einstaklinga og skerða mögulega frelsi þeirra. Það má vera að okkur þyki slík skerðing of þungbær eða að við – hugarlega í nafni mannréttinda – færum mannanöfn að öllu leyti yfir á svið einkalífsins óháð hinu sameiginlega sviði menningar og tungumáls. Mannanöfn færðust því frá því að tilheyra lífsháttum samfélagsins yfir í lífsstíl einstaklinga svo vísað sé til hugtaka frá Margalit og Halberat. Við þetta aukast líkurnar á því að við sem samfélag fórnum einum verðmætum (t.d. íslenskum kenninöfnum) fyrir önnur (aukið neikvætt frelsi). Þetta val er mögulega harmrænt í skilningi Berlins – einhver verðmæti tapast eða hverfa mögulega með öllu – en hugsanlega óhjákvæmilegt eigi að síður.

Í ritum Isaiah Berlin má einnig finna þau rök, sem Will Kymlicka þróaði síðan nánar, að menning sé forsenda frelsis eða sjálfræðis. Menning setur valkosti einstaklingsins í samhengi og gefur þeim merkingu. Það er þó val einstaklingsins, fremur en menningin sem slík, sem ræður úrslitum. Þegar kenning Kymlicka er heimfærð á lög um mannanöfn og deilurnar um þau blasir við ákveðin togsteita á milli þeirrar staðreyndar að þjóðríki þurfa sterka sjálfsmynd og hins vegar að sjálfræði einstaklinganna þarfnast hlutleysis ríkisins til að dafna. Þó að lögum um mannanöfn sé ætlað að vernda íslenska tungu leggja þau kvaðir á val einstaklinganna sem frá sjónarhóli Kymlicka eru vart réttlætanager. Sjónarmið af þessum toga eiga sér augljóslega nokkurn stuðning þegar íslensk mannanöfn eru annars vegar, en íslenska ríkið hefur litið vernd tungunnar öðrum augum. Þó að sjónarhorn Kymlicka falli ágætlega að þeim sjónarmiðum sem leggja áherslu á breytingar, fangar hann síður sérstakt innihald eða form menningar.

Margalit og Halberat telja þvert á móti að einstaklingar eigi rétt til sinnar menningar vegna þess að hún sé mikilvæg fyrir sjálfsmynd þeirra og lífshætti. Þó að Margalit og Halberat hafi þróað kenningu sína um rétt til menningar með minnihlutahópa í huga, er eðlilegt að spyrja hvort hún gæti ekki átt við um smáþjóð á tímum hnattvæðingar. Tilraunir til að vernda íslenska tungu leggja að vísu ekki skuldbindingar á herðar öðrum þjóðum, en rétturinn til menningar gerir aðrar og meiri kröfur til ríkisins en frjálsslyndiskenning Kymlicka telur réttlætanager.

Einstaklingshyggja nútímans tekur á sig ólík form (sbr. Dumont 1986). Við hugsum um þjóðir sem einstaklinga, einskona „sjálf“ sem hafi „ákvörðunarrétt“. Hugmyndin um hinn sjálfráða einstakling er hér yfirfærð á þjóðina. Við hugsum einnig um þjóðir sem frumlegar eða einstakar, að þær hafi þjóðaranda eða þjóðareinkenni. Við hugsum einnig um einstaklinga sem sjálfráða og/eða einstaka. Einstaklingar ákvarði þannig lífshlaup sitt eða lífsstíl í samræmi við það „hverjir þeir eru“ eða „vilji vera“. Á fyrstu áratugum hins fullvalda ríkis var Íslendingum umhugað um þjóðmenningu, vernd tungunnar og samhengi við söguna og tengdu þessi sjónarmið við pólitískt sjálfstæði. Nú á tímum ber

meira á einstaklingshyggju og óvíst hvort „hin frumlega og upprunalega þjóð“ eigi sama hljómgrunn og áður, samfélagið er ekki jafn einsleitt og íslensk menning og lífshættir sundurleitari en áður. Áherslan á frumleika þjóða og frumleika einstaklinga felur um margt í sér andstæð gildi, hið fyrri var vinsælt á fyrri hluta liðinnar aldar en hefur smám saman þokað fyrir hinum frumlega einstaklingi. Hugmyndir um hina „réttindaberandi“ persónu mótar í æ meiri mæli lífshætti Íslendinga svo og annarra vestrænna þjóða.

3. Niðurstöður

Lög um mannanöfn voru sett á fyrstu árum heimastjórnar, aðallega í þeim tilgangi að skapa reglufestu í samskiptum borgaranna hvers við annan og ríkisvaldið. Frá árinu 1925 hafa lög um mannanöfn einnig haft þann tilgang að vernda íslensk nöfn og nafnahefð. Gerð var sátt á Alþingi um að upptaka nýrra ættarnafna væri bönnuð en eldri ættarnöfn skyldu leyfð áfram. Þessi sátt hefur í aðalatriðum haldist til þessa dags. Síðar var gerð sú krafa að þegar erlendir menn fengju íslenskan ríkisborgararétt skyldu þeir taka upp íslenskt nafn. Framkvæmd laganna var lengi ábótavant, en eftir 1991 komst festa á framkvæmd laga um mannanöfn með Þjóðskrá og mannanafnanefnd. Árið 1996 var frjálshæði í eiginnöfnum og millinöfnum aukið, auk þess sem útlendingum var veittur aukinn réttur til að halda nafni sínu við upptöku ríkisborgararéttar. Banni við nýjum ættarnöfnum var hins vegar við haldið og áhersla lögð á að vernda íslenska kenninafnahefð.

Hugmyndirnar að baki sérstakri vernd íslenskra nafna og kenninafna má rekja til íslenskrar þjóðernishyggju eins og hún þróaðist á fyrri hluta tuttugustu aldar. Hugmyndir um lífrænt eðli þjóðarinnar, hreintungustefnu og samfellu í menningarsöggunni lögðu áherslu á það sem væri sérstakt og einstakt við íslenskt þjóðerni og að það bæri að vernda og styðja. Þessar hugmyndir um íslenskt þjóðerni og menningu höfðu pólitískt gildi, voru í pólitískri og menningarlegri orðræðu nátengd fullveldi þjóðarinnar og stofnun lýðveldis. Einkum voru rök um varðveislu tungunnar þung á metunum. Við setningu laganna 1925 voru helstu mótrök þau að hér væri sett lög um atriði sem einstaklingar ættu að ákveða sjálfir án afskipta eða með lágmarksafskiptum ríkisvaldsins. Lengst af voru frelsisrök af þessu tagi ekki hávær, en á síðustu árum hafa þau fengið aukinn hljómgrunn. Leiða má líkur að því að breytt samfélagsgerð, m.a. aukin samskipti við útlönd og aukinn fjöldi innflytjenda, hafi hér sín áhrif, en einnig nýjar hugmyndir um einstaklingsfrelsi. Einnig er líklegt að þjóðernishyggja fyrri tíma og hreintungustefna njóti ekki sömu almennu hylli og áður. Þau sjónarmið heyrast æ oftar að vernd mannanafna annars vegar og tungunnar hins vegar séu tvö aðgreind fyrirbæri og vekur það upp spurningar um vernd íslenskra kenninafna sem sérstaks menningararfs.

Í greininni var umræða nokkurra fræðimanna um tengsl einstaklingsfrelsis og menningar tekin til umfjöllunar í þeim tilgangi að setja íslenska umræðu um mannanöfn og vernd tungunnar í nýtt samhengi. Það er ljóst að lög um mannanöfn eiga sér rætur eða samsvörun í hugmyndum um frumleika menningar og sérstöðu. Hugmyndir af þessu tagi má tengja við einstaklingsfrelsi með ýmsu móti, t.d. mikilvægi þess að tilheyra menningu og að fjölbreytileg menning sé forsenda frelsis og ólíkra lífshátta. Hugmyndir um frumleika og sérstöðu einstaklinga eiga sér einnig rætur í þessum hugmyndaheimi og

hafa á síðari árum ýtt undir einstaklingshyggju sem að mörgu leyti er í andstöðu eða að minnsta kosti í togstreitu við hugmyndir um sérstöðu og frumleika menningar. Hugmyndir um sjálfræði einstaklinganna setja einstaklinginn og val hans í forgrunn, menningin gegnir fyrst og fremst því hlutverki að vera farvegur fyrir mikilvæga og merkingarþæra valkosti. Menning gegnir hér mikilvægu hlutverki fyrir frelsi einstaklingsins, en margir telja að hugmyndir af þessu tagi vanmeti gildi sérstakrar menningar fyrir sjálfsmynd og lífshætti einstaklinga. Það er ljóst að áherslan á sjálfræði og val einstaklingsins hefur á síðari árum fengið aukinn hljómgrunn í umræðu um mannanöfn þó að gagnrýni á þessum forsendum hafi heyrst frá því að lög voru fyrst sett um sérstakt þjóðlegt innihald laga um mannanöfn árið 1925. Áherslan á sjálfræði á hins vegar erfitt með að gera fyllilega grein fyrir mikilvægi sérstakra hefða á borð við íslensk kenninöfn eða mikilvægi íslenskunnar sem sérstaks tungumáls. Eins og Charles Taylor og Isaiah Berlin benda á – hvor með sínum hætti – þá er oft erfitt að samræma eða gera upp á milli þessara tveggja hefða, hér stangast einfaldlega á ólík gildi.

Aftanmálsgrein

- 1 Hér má nefna hugtök á borð við stað eða svið minninganna, sögulegar minjar og sameiginlegar minningar. Sjá umræðu hjá Birgir Hermannsson (2011) og Guðmundur Hálfðanarson (2001).

Heimildir

- Alter, P. (1989). *Nationalism*. London: Edward Arnold.
- Alþingistiðindi.
- Arnheiður Hálfðánardóttir (2018). „Tók Diamond Beach Breiðamerkursand af Google?“, *RUV*, 15. ágúst. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/tok-diamond-beach-breidamerkursand-af-google>
- Barry, B. (1995). *Justice as Impartiality*. Oxford: Clarendon Press.
- Barry, B. (2001). *Culture and Equality*. Cambridge: Polity Press.
- Berlin, I. (1976). *Vico and Herder. Two Studies in the History of Ideas*. London: Hograth Press.
- Berlin, I. (1979). *Against the Current. Essays in the History of Ideas*. Oxford: Clarendon.
- Berlin, I. (1992). *The Crooked Timber of Humanity. Chapters in the History of Ideas*. New York: Vintage Books.
- Berlin, I. (1994). „Tvö hugtök um frelsi“, í Einar Logi Vignisson og Ólafur Páll Jónsson (ritstj.), *Heimspeki á tuttugustu öld. Safn ritgerða úr heimspeki aldarinnar* (bls. 157-168). Reykjavík: Heimskringla.
- Berlin, I. (2006). *Political Ideas in the Romantic Age. Their Rise and Influence on Modern Thought*. Princeton: Princeton University Press.
- Bird, C. (2006). *An Introduction to Political Philosophy*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Birgir Hermannsson (2011). „Hjartastaðurinn: Þingvellir og íslensk þjóðernishyggja“, *Bifrást journal of social science* 5-6, 21-45.
- Birgir Hermannsson (2017). „Þjóðmenning og lagaleg réttindi“, *Skírnir* 191(haust), 310-338.
- Bjarni Jónsson frá Voggi (1923). „Nöfnin. Framsöguræða Bjarna Jónssonar frá Voggi um frv. til laga um mannanöfn“, *Skírnir* 97, 97-106.
- Bjarni Jónsson frá Voggi (1924). „Íslensk nýmenning og sá eignarfallslaus“, *Lögretta* 3. júní.
- Brubaker, R. (2013). „Language, Religion and the Politics of Difference“, *Nations and Nationalism* 19(1), 1-20.
- Canovan, M.(2005). *The People*. Cambridge: Polity Press.
- Dumont, L. (1986). *Essays on Individualism. Modern Ideology in Anthropological Perspective*. Chicago: University of Chicago Press.

- Dögg Pálsdóttir, Davíð Þór Björgvinsson og Jónas Kristjánsson (2005). „Lokaskýrsla til dómsmálaráðherra“. Sótt af https://www.stjornarradid.is/media/innanrikisraduneyti-media/media/Skyrslur/Eftirlitsnefnd__med_mannanafnalogum_skyrsla.pdf
- Eiríkur Rögnvaldsson (2018). „Efni: Umsögn um 83. mál, Frumvarp til laga um mannanöfn“. Sótt af <https://www.althingi.is/altext/erindi/148/148-304.pdf>
- Eiríkur Rögnvaldsson (2020). „Umsögn um drög að frumvarpi til laga um mannanöfn, 48/2020“. Sótt af <https://uni.hi.is/eirikur/2020/02/26/umsogn-um-drog-ad-frumvarpi-til-laga-um-mannanofn/>
- Ferrara, A. (1994). „Authenticity and the Project of Modernity“, *European Journal of Philosophy* 2(3), 242–273.
- Galipeau, C. J. (1994). *Isaiah Berlin's Liberalism*. Oxford: Oxford University Press.
- Gellner, E. (1983). *Nations and Nationalism*. Ithaca: Cornell University Press.
- Gray, J. (1995). *Berlin*. London: Fontana Press.
- Guðmundur Hálfðanarson (2001). *Íslenska þjóðríkið – uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Guðmundur Jónsson (2018). „Hlutleysið í reynd á bernskuskeiði íslenska ríkisins 1918–40“, í Guðmundur Jónsson (ritstj.), *Frjálst og fullvalda ríki. Ísland 1918–2018* (bls. 95–128). Reykjavík: Sögufélag.
- Gylfi Þ. Gíslason (1994). *Vegsemd þess og vandi að vera Íslendingur*. Reykjavík: Setberg.
- Honneth, A. (1999). „Negative Freedom and Cultural Belonging. An Unhealthy Tension in the Political Philosophy of Isaiah Berlin“, *Social Research* 66(4), 1063–1077.
- Ignatieff, M. (1998). *Isaiah Berlin. A Life*. New York: Metropolitan Books.
- Kelly, P. (2005). *Liberalism*. Cambridge: Polity Press.
- Kjartan G. Óttósson (1990). *Íslensk málbreiðing. Sögulegt yfirlit*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.
- Kristján Albertsson (1924). „Mannanafnafrumvarp Bjarna Jónsonar frá Vog“, *Ljögretta* 27. maí.
- Kymlicka, W. (1989). „Liberal individualism and liberal neutrality“, *Ethics* 99, 883–905.
- Kymlicka, W. (1995). *Multicultural Citizenship. A Liberal Theory of Minority Rights*. Oxford: Oxford University Press.
- Kymlicka, W. (1991). *Liberalism, Community and Culture*. Oxford: Oxford University Press.
- Kymlicka, W. (2002). *Contemporary Political Philosophy. An Introduction* (2. útg.). Oxford: Oxford University Press.
- Lowenthal, D. (1998). *The Heritage Crusade and the Spoils of History*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Margalit, A. og Halberstam, M. (2004). „Liberalism and the right to culture“, *Social Research* 61(3) bls. 491–510.
- Miller, D. (1997). *On Nationality*. Oxford: Oxford University Press.
- Orgad, L. (2015). *The Cultural Defense of Nations. A Liberal Theory of Majority Rights*. Oxford: Oxford University Press.
- Ólafur Rastrick og Valdimar Hafstein (2015). „Gagnrýnin menningararfsfræði. Rannsóknarsvið í mótun“, í Valdimar Hafstein og Ólafur Rastrick (ritstj.), *Menningararfur á Íslandi. Greining og gagnrýni* (bls. 9–18). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Patten, A. (1999). „The Autonomy Argument for Liberal Nationalism“, *Nations and Nationalism* 5(1), 1–17.
- Patten, A. (2012). „Liberal neutrality. A reinterpretation and defense“, *The Journal of Political Philosophy* 20(3), 249–272.
- Rawls, J. (1971). *A Theory of Justice*. Oxford: Clarendon Press.
- RUV (2020). „Rætt um róttækar breytingar á lögum um mannanöfn“, 12. október. Sótt af <https://www.ruv.is/frett/2020/10/12/raett-um-rottaekar-breytingar-a-logum-um-mannanofn>
- Sher, G. (1997). *Beyond Neutrality*. Cambridge: Cambridge University Press.
- Sigurður Nordal (1942). *Íslensk menning*. Reykjavík: Mál og menning.
- Sigurður Nordal (2006). „Málfrælsi“, í Baldur Jónsson (ritstj.), *Þjóð og tunga. Ritgerðir og ræður frá tímum sjálfstæðisbaráttunnar* (bls. 259–278). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.

- Sigríður Matthíasdóttir (2004). *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sternhell, Z. (2010). *The Anti-Enlightenment Tradition*. New Haven: Yale University Press.
- Tamir, Y. (1993). *Liberal Nationalism*. Princeton: Princeton University Press.
- Taylor, C. (1985). „Atomism“, í C. Taylor (ritstj.), *Philosophy and the Human Sciences. Philosophical Papers 2* (bls. 187–210). Cambridge: Cambridge University Press.
- Taylor, C. (1989). *Sources of the Self. The Making of the Modern Identity*. Cambridge: Harvard University Press.
- Taylor, C. (1991). *The Ethics of Authenticity*. Cambridge: Harvard University Press.
- Taylor, C. (1994). „The Politics of Recognition“, í Amy Gutmann (ritstj.), *Multiculturalism: Examining the Politics of Recognition* (bls. 25–73). Princeton: Princeton University Press.
- Valdimar Hafstein (2015). „Menning í öðru veldi. Skipan menningararfsins“, í Valdimar Hafstein og Ólafur Rastrick (ritstj.), *Menningararfur á Íslandi. Greining og gagnrýni* (bls. 19–39). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Vincent, A. (1997). „Liberal Nationalism: an Irresponsible Compound?“, *Political Studies* XLV, 275-295.